

**Umhverfisstofnun  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík**

**Efni: Umsókn ORF Líftækni hf. til útiræktunar á erfðabreyttum plöntum dags 28.1.2021**

Vallanesi, 2. mars 2021

Verndun og ræktun – VOR, félag framleiðenda í lífrænum búskap gerir eftirfarandi athugasemd við umsókn ORF líftækni hf um útiræktun á erfðabreyttum plöntum í Gunnarsholti.

### **1. Takmarkar útbreiðslu lífrænnar ræktunar**

Í lífrænni ræktun eru erfðabreyttar plöntur (eb-plöntur) óheimilar og aðferðarfræðin við erfðabreytingar ósamrýmanleg þeim megin prinsippum í lífrænni ræktun sem er náttúruleg æxlun; ekki má hafa inngríp í erfðamengi lífveru og breyta eiginleikum hennar. Slepping eb-plantna út í umhverfið er takmarkandi fyrir útbreiðslu vottaðs lífræns landbúnaðar í návígi við eb-plöntur vegna þessara ósamrýmanlegu sjónarmiða. Fyrir Ísland er mikilvægt að auka vægi lífræns landbúnaðar á Íslandi til að milda áhrif landbúnaðar á umhverfið, ekki síst í loftslagslegu tilliti. Lífrænn landbúnaður hefur lífræðilega fjölbreytni að markmiði og virðing fyrir náttúru og umhverfi er meginsteifið. Þjóðir heims vilja nú almennt sjá vægi lífræns landbúnaðar aukast til að fást við áskoranir á sviði umhverfis- og loftslagsmála. Má þar nefna Evrópusambandið sem ætlar að ná 25% af ræktarlandi í lífrænan landbúnað árið 2030. Til áreksra hefur komið milli framleiðenda sér í lagi í Norður Ameríku, þar sem erfðabreyttar plöntur hafa borist inn á akra bænda, varðar einkarétti, og til málareksturs hefur komið vegna slíkra áreksra.

### **2. Áhætta**

VOR telur það augljósan möguleika að efni úr hinum erfðabreyttu plöntum berist út fyrir ræktunarsvæðið. Í útiræktun er ekki hægt að stjórna eða fyrirbyggja algerlega þann möguleika á að plöntur, fræ eða annað efni berist út fyrir ræktunarsvæðið og þar með út í náttúru Íslands eða inni fæðukeðjuna. Við erum minnug þess að síðast þegar ORF var veitt slíkt leyfi í Gunnarsholti var eftirliti ábótavant, net rifnuðu og reiturinn var óvarinn um tíma. Vindar og veður, ágangur smádyra og fugla gera að verkum að áhætta er til staðar að efni berist út fyrir ræktunarsvæðið sem mögulega mengi t.a.m. fóður sem framleitt er í Gunnarsholti, eða berist með öðrum hætti inni fæðukeðjuna. Umræddar eb-plöntur eru ekki ætlaðar til manneldis, né til fóðurs heldur er um lyfjaplöntur að ræða og áhrif þeirra á heilsu manna og dýra órannsökuð.

### 3. Efnanotkun við tilraunaræktunina

Skv lýsingu umsækjanda í umsókn er töluverð efnanotkun fylgjandi umræddri ræktun, enda segir í gögnum með umsókninni í “ Mat á umhverfisáhrifum” bls 3, að ætlunin sé að úða illgreisis eitri, tilbúnum áburði og sveppavarnarefnum í þrígang yfir ræktunartímann (sjá lið 4 – d) . Í vöktunaráætlun, bls 2 liður e) er tilgreint að svæði verði úðað með Roundup, til að fyrirbyggja að eb plöntur dreifi sér. Roundup er eitt alræmdasta eitur sem til er og mengun sem af því hlýst á lífríki sem og grunnvatn og óásættanlegt að slík efnanotkun sé fylgífiskur tilraunaræktunarinnar. Verndun lífræðilegs fjölbreytileika og súrnun sjávars eru hér næg umhugsunarefni og almenn nauðsyn krefst þess að horfið verði af braut eiturefna og tilbúins áburðar. Rétt er að hafa í huga að ESB stefnir að samdrætti í notkun eiturefna um 50 % og 20% í tilbúnum áburði á næstu 10 árum, m.a. til að draga úr mengun og létta kolefnisfótspor ræktunar nytjagróðurs.

### 4. Neikvæð áhrif á ímynd íslenskra matvæla

VOR óttast að slepping eb-plantna út í umhverfið hafi skaðleg áhrif á ímynd landbúnaðar á Íslandi. Íslensk matvælaframleiðsla nýtur almennt trausts neytenda og hefur góða ímynd, hún hefur þann grunn eiginleika að vera það sem á erlendum mörkuðum er kallað “GMO free” en slíkur stimpill er t.a.m. notaður í Bandaríkjunum hvar neytendur eru sífellt meira uggandi um ræktun eb-plantna. Í Evrópu hafa einstakir landeigendur, stór svæði og heilu sveitarfélögin lýst sig sem laus við erfðabreyttar lífverur (GMO free zones) af sömu ástæðum, til að forðast árekstra við landbúnaðinn og til að tryggja trausta umgjörð fyrir matvælaframleiðslu. VOR álitur að það framtak að sleppa eb-plöntum út undir bert loft á Íslandi geti stórskaðað orðspor og ímynd Íslands og íslenskrar framleiðslu um hreinleika og ábyrgð gagnvart náttúrunni. Auk þess er vert að undirstrika samspil matvælaframleiðslu og ferðaþjónustu, það er mikið í húfi fyrir ímynd landsins.

### 5. Samnýting tækja Landgræðslunnar ótrúverðug

Ætlunin er að samnýta tæki Landgræðslunnar, jarðræktartæki og annað búnað sem væntanlega snýr að kornrækt. Þetta þykir okkur varhugavert að nýta sömu tæki og nýtast eiga kornbændum á svæðinu. Þá er vakin athygli á því að Landgræðslan leigir [REDACTED] mikið akurlendi þar sem ræktað er hráefni (bygg) í svínafóður í stórum stíl, sbr. umfjöllun í Bændablaðinu 25. febrúar sl. á bls. 24-25. Það hlýtur því að teljast varhugavert að rækta líka erfðabreytt bygg í Gunnarsholti, bæði vegna nálægðar við ræktun fyrir [REDACTED] og eins vegna hættu á að erfðabreytt efni úr tilrauninni berist yfir á kornakrana og þaðan með vélum sem fluttar eru á milli Gunnarsholts og [REDACTED]. Þá verður að teljast vafasamt að ríkisstofnun sem starfar á allt öðru sviði en ORF Líftækni, sbr. lög um landgræðslu nr. 155/2018, sé að leggja til land undir ræktun í þágu gervikjötsframleiðslu.

### 6. Réttlætning fyrir sleppingu

Í úrdrætti úr umsókn sem birt er á vef Umhverfisstofnunar segir að “ CCM mun draga verulega úr neikvæðum umhverfisáhrifum sem fylgja hefðbundinni kjötframleiðslu og auka fæðuöryggi ásamt því að draga úr líkum á að sjúkdómar berist úr dýrum í fólk”. VOR hafnar þessum rökum sem réttlætningu fyrir

Því að sleppa eb-plöntum út undir bert loft á Íslandi. Hér er miðað við verstu framleiðslu á dýraafurðum, stór verksmiðjubú erlendis sem lítið eiga skylt við það form sem ríkjandi er á Íslandi sem eru í samanburði lítil fjölskyldubú. Í lífrænum landbúnaði er dýravelferð markmið auk þess sem loftslagsleg áhrif geta verið jákvæð, og grasbítar sem lifa við bestu aðstæður þar sem útivist og beit er tryggð, geta lagt gott til í baráttunni við loftslagsmál.

Svarið liggur í bestu aðferðum í landbúnaði sem ganga út á að skapa líffræðilega fjölbreytni í jarðvegi og örva hana með lífrænum áburði í ræktun auk skiptiræktunar. Þar sem jörturdýr koma við sögu má með viðeigandi stjórnun á beitarálagi, stuðla að meiri bindingu kolefnis í jörðu, heldur en dýrin láta frá sér fara af gróðurhúsalofttegundum (ghl) á allri sinni ævi. Þau styðja við aukna lífkerfisþjónustu svo sem líffræðilegan fjölbreytileika jarðvegs auk þess að stuðla að meiri vatnsheldni hans. Allt þetta gerir það að verkum að náttúran verður betur í stakk búin til að mæta áföllum í t.d. veðurfari á tímum loftslagsbreytinga. Búfjárhald styður einnig við áframhaldandi dreifða byggð á Íslandi.

Jarðvegurinn og sú líffræðilega virkni sem þar býr er okkar helsta auðlind, en ríkjandi framleiðsluaðferðir í landbúnaði hafa gert það að verkum að nú er um þriðjungur ræktunarlands á helstu kornræktarstöðum heimsins orðið ónýtt vegna notkunar á skordýraeitri, illgresiseyði, tilbúnum áburði og einhæfni í ræktun. Þarna á líftækni iðnaðurinn stóran hlut að máli með ræktun á erfðabreyttum plöntum í stórum stíl s.s. í N- Ameríku. Hóflægri stærð bústofns og bestu aðferðum í landbúnaði er ekki um að kenna hvernig komið er fyrir mannkyninu í loftslagsmálum.

### Niðurlag:

VOR leggst gegn því að heimila tilraunina utandyra þar sem hagsmunir fleiri eru lagðir að veði fyrir minni. Hér verður að virða varúðarregluna og láta náttúruna njóta vafans, því áhrif sleppinga erfðabreyttra lyfjaplantna út í náttúruna á Íslandi eru óljós fyrir lífríkið, heilsu manna og dýra, fyrir utan augljósa mengun í formi notkunar eiturefna, varnaefna og tilbúins áburðar sem tilgreint er í umsókn.

Hagsmunir landbúnaðar á Íslandi eru m.a. þeir að hann nýtur mikils trausts neytenda um gæði og öryggi matvæla sem hann framleiðir, auk þess sem landið er “GMO frítt”. Bera verður virðingu fyrir þeirri vinnu sem að baki liggur þeirri hreinleika ímynd sem íslensk matvælaframleiðsla hefur áunnið sér og er mögulega fórnað með sleppingu eb-plantna út í umhverfið. Þau örfáu tilraunaleyfi um lyfjaplöntur (5) sem í gildi eru nú í Evrópu undirstrika þessar áhyggjur.

Stjórn Verndun og ræktun, VOR – félag framleiðenda í lífrænum búskap,

Eygló Björk Ólafsdóttir  
Guðfinnur Jakobsson  
Guðmundur Ólafsson  
Karen Jónsdóttir  
Kristján Oddsson